Aðalfundur Hestamannafélags-
ins „Glaður“ var haldinn að Nesodda
sunnudaginn 14. maí 1944.
Mættir voru 23 félagsmenn.
Fundarmál:
1. Formaður setti fundinn og las
upp fundargjörð síðasta aðalfundar.
2. Lesinn upp endurskoðaður reikningur
félagsins fyrir árið 1943 og var
hann samþykktur í einu hljóði.
3. Út af tillögu síðasta aðalfundar
um breytingar á lögum félags-
ins (samanber 18. lið fundar-
gerðar fyrra árs) urðu nokkrar
umræður, en vegna þess hve fáir
félagsmenn voru mættir, var ekki
hægt að gera lagabreytingar.
Þá kom fram svo hljóðandi
tillaga er var samþykkt með
8 gegn 1 atkv.

„Fundurinn ákveður að kjósa 3 menn sinn úr hvorum hreppi Hörðudals- Miðdala- og Haukadals til þess að athuga möguleika á því að stofna til sameiginlegrar kynbótastarfsemi í samræmi við lög Hestamannafélagsins „Glaður" og búfjárræktar-lögin. Nefndin leggi svo árangurinn af starfsemi sinni fyrir næsta aðalfund."

Þessir menn voru kosnir í nefndina.

Styrkár Guðjónsson Tungu

Flosi Jónsson Harðarbóli

og Hjálmtýr Jóhannsson Saursstöðum

4. Fundurinn samþykkti að hækka inntökugjald félagsins upp í 30 krónur

5. Rætt um kynbóta-hest félagsins og var samþ. að fela Gísla í Geirshlíð og Guðlaugi á Kolsstöðum að sjá

um jóður á hestinum mesta vetur.
6. Samþykkt að halda kappreiðar fyrsta sunnudag í júlí n.k.
7. Kosinn til að sjá um merkjasölu að kappreiðunum Styrkár í Tungu og honum til aðstoðar þeir Pálmi í Snóksdal, Jón á Hömrum Jóhann á Saurstöðum og Óskar á Svínhóli.
8. Kosnir til að sjá um merkjasölu að dansinum þeir Flosi á Harðarbóli, Haraldur á Sauðafelli og Baldvin á Svarfhóli.
9. Kosnir að sjá um dansinn
Finnur á Hrafnabjörgum
Magnús á Hrafnabjörgum
Gunnar á Krossi
og Jón á Saurstöðum
10. Kosnir í dómnefnd: Guðm. Fjárskógum Gísli í Geirshlíð og Gestur á Hrafnabjörgum til vara Hans á Ketilsstöðum og Sumarliði í Miðskógi

11. Ræsir kosinn Guðlaugur á Kolsstöðum
og til vara Hjörtur í Vífilsdal.
12. Kosinn til að geyma hestana
Einar á Bjarnalandi.
13. Kosnir til að sjá um viðgerð
á skeiðvellinum Friðfinnur í Bæ.
Albert í Skörðum og Magnús á Þórólfsst.
14. Verðlaun á kappreiðunum skulu vera
þau sömu og síðastliðið sumar.
15. Samþykkt að taka tilboði Bergþórs
í Snóksdal að sjá um veitingar
á kappreiðunum gegn sama
gjaldi og síðastliðið ár.
16. Kosin stjórn félagsins þeir:
Jón Breiðabólsstað formaður
Gísli Geirshlíð gjaldkeri
Flosi Harðarbóli ritari
til vara: Hans á Ketilsstöðum formaður.
Þorbjörn Harrastöðum gjaldkeri
Pálmi Snóksdal ritari

17. Endurskoðendur kosnir
Pálmi í Snóksdal
og Friðfinnur í Bæ.
Upplesið. Samþykkt.
Fundi slitið.
Flosi Jónsson.